

Reykjavík 13. mars 2009

Elsabet Sigurðardóttir og  
Hörður Sævar Hauksson,  
Laufengi 2,  
112 Reykjavík.

Við undirrituð sem erum yfirlæknar á geðdeild Landspítalans hörmum ótímabært andlát sonar ykkar og ástvinar, Kristins Ísfeld Andreassen. Kristinn kom á bráðamóttöku geðdeildar þann 12.11.2008 út af andlegri vanlíðan. Það var mat tveggja vakthafandi lækna að hann væri ekki í bráðri sjálfsvígshættu og fór hann heim en fékk tilboð um eftirfylgd næsta dag, sem hann nýtti sér ekki. Því miður tók Kristinn eigið líf fáeinum dögum síðar.

Við undirrituð biðjum ykkur og alla aðra ástvini Kristins innilega afsökunar á því að ekki var greint á bráðamóttökunni hversu hætt Kristinn var kominn. Eftir á að hyggja hörmum við að hann skuli ekki hafa verið lagður inn, ekki síst í ljósi mikilvægra og greinargóðra upplýsinga sem komu fram í samtali okkar í dag.

Við þökkum ykkur jafnframt fyrir gott og gagnlegt samtal og vonum að við berum gæfu til að læra af máli Kristins til þess að bæta þjónustuna og auka á öryggi þeirra sem til okkar leita. Þá vottum við ykkur og öllum ástvinum Kristins innilega samúð.

Með kveðju,



Halldóra Ólafsdóttir



Páll Matthíasson